

# Árskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2015

## Inngangur

Árskýrsla skóla er meðal þeirra atriða sem áskilin eru af hálfu ráðuneytis í skólasamningi. Hún er ekki formbundin að öðru leyti en því að svokallur prófill sem fylgir henni lýtur sniðmáti sem ráðuneytið leggur til. Skýrslunni, sem er fremur knöpp, er því alls ekki ætlað að vera ítarlegt yfirlit um starfsemi skólans á árinu heldur er hér stiklað á fáeinum atriðum og að nokkru vísað til hinnar árlegu sjálfsmatsskýrslu um frekari upplýsingar.

## Nemendatölur

Fjöldi nemenda var í byrjun vorannar 1173, þar af voru 85 nýinnritaður. Á haustönn voru samsvarandi tölur 1225 og 315. Alls voru brautskráðir 243 stúdentar á árinu, 165 í maí og 78 í desember. Um vorið brautskráðust enn fremur þrír nemendur með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám á sérnámsbraut skólans. Nokkuð er um að nemendur hverfi frá námi án þess að ljúka viðkomandi önn, samtals 66 nemendur á árinu en af þeim voru yfir 30 sem hugðust hefja nám í öðrum framhaldsskóla á næstu önn. Ennfremur er nokkuð um að nemendur skrái sig úr einstökum áföngum inni á miðri önn. Í heildina var hlutfall eininga sem nemendur gengu til prófs í af skráðum einingum við upphaf annar 93,4% þ.e. um það bil 6,6 % afföll en þar af má ætla að nær helmingurinn sé vegna þeirra sem hætta alveg. Ítarlegri nemendatölfræði er að finna í sjálfsmatsskýrslu skólans.

## Námsbrautir

Í skólanum býðst nám á eftirtöldum námsbrautum: IB – námsbraut, félagsfræðabraut, listdansbraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opinni braut, sérnámsbraut og tónlistarbraut. Tónlistarbrautin var stofnuð sem sérstök braut haustið 2013 en bæði hún og listdansbrautin eru starfræktar í samvinnu við sérskóla sem annast sjálfa tónlistar- og danskennsluna. Opna brautin var stofnuð haustið 2012 samhliða nýum útgáfum hefðbundnu stúdentsbrautanna þ.e. félagsfræðabrautar, málabrautar og náttúrufræðibrautar. Sérnámsbrautin, sem stofnað var til 2011, flokkast sem starfsbraut 2 og er eina námsbraut skólans sem ekki lýkur með stúdentsprófi. Haustið 2015 gátu nemendur innritast á sérstaka hraðferðarútgáfu af opnu brautinni. Skipulag brautarinnar miðast við að auðvelda nemendum að ljúka náminu á þremur árum.

## Kennsla og stjórnun

Fjöldi þeirra sem önnuðust kennslu voru 87 á vorönn og 86 á haustönn, langflestir í fullu starfi. Vikulegur kennslustundafjöldi í dagskóla var í námunda við 1800. Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennrar skiptast í þrjár deildir sem eru deild erlendra tungumála, deild samfélagsfræða (félagsfræðagreinar, íslenska og saga) og deild náttúrufræða (raungreinar og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og eru þeir í 50% starfi við stjórnun. Aðrir millistjórnendur (í hlutastörfum sem slíkir) á kennslusviði eru IB- stallari og umsjónarmaður sérnámsbrautar. Almenna afgreiðslu á skrifstofu og bókhaldsstörf annast tveir starfsmenn í samtals 1½ stöðugildi, námsráðgjafar eru þrír í samtals 2,6 stöðugildum og bókasafnsfræðingar eru tveir í 1,8 stöðugildum. Prír starfsmenn annast umsjón húss, tölvu- og tæknimál og matráður sér um móturneyti starfsfólks. Ellefu manns vinna við ræstingar í u.þ.b. 7 stöðugildum.

## Námskrá og græna greinin

Innritað var í fyrsta sinn á ívið umfangsminni stúdentsprófsbraut en þær sem tíðkast hafa og er það í samræmi við stefnu yfirvalda um innleiðingu þriggja ára stúdentsprófs á næstu árum. Þar var um að ræða sérstaka hraðferðarútgáfu af opnu brautinni sem stóð til boða þeim grunnskólanemendum sem höfðu náð 9 eða hærra í lokaeinkunn í öllum greinunum þremur ensku, íslensku og stærðfræði. Fjöldi eininga á þessari braut er 205. Þá var hafinn undirbúnингur að því að fá námsbrautir skólans formlega staðfestar af menntamálayfirvöldum svo sem lög gera ráð fyrir. Ennfremur var unnið að endurskoðun og samhæfingu listdansbrautar m.t.t. hinna fjögurra ólíku skóla sem annast sjálfa danskennsluna.

Viss kaflaskil urðu við brautskráningu stúdenta í desember þar eð með henni voru í síðasta sinn skráðir áfangar með eldri námseiningum á prófskírteini. Þaðan í frá hverfur með öllu notkun eldri eininga í námsferlum nemenda í og alfarið hafa hafa tekið við hinar nýrri framhaldsskólaeiningar þar sem lágmarkseiningafjöldi til stútentsprófs verður á þriðja hundrað.

Ötullega var unnið að umhverfismálum út frá nokkurra ára markmiði um að MH yrði með tímanum Grænfánaskóli. Sá árangur náðist að síðla árs var, eftir allítarlega úttekt af hálfu fulltrúa frá Landvernd, kveðið upp úr með að skólinn hefði unnið til þessarar alþjóðlegu umhverfisviðurkenningar í fyrsta skipti. Vonandi tekst að halda við hinu góða starfi og verða með skólann varanlega á hinni grænu grein.

Loks skal þess getið að skólinn færði í fyrsta sinn svonefnt grænt bókhald á árinu í samræmi við reglugerð þar um og viðmið um vistvæn innkaup og grænt bókhald sem Umhverfisstofun gefur út.

## Fjármál

Heildarútgjöld skólans 2015 voru 1236,5 millj. kr. sem var 8,8 millj. kr. meira en nam tekjum eins og þær birtast í uppgjöri ársins. Því versnaði (uppsöfnuð) rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þessari fjárhæð, þ.e. staðan í árslok breyttist úr 23,7 millj. kr. 14,9 millj. kr. en sú tala er þó innan setts langtíma markmiðs um að eiga a.m.k. 1% uppsafnaðan rekstrarafgang eftir hvert ár. Áætlun fyrir 2016 gerir ráð fyrir að áþekkri þróun áfram, þ.e. að gengið verði á rekstrarafganginn sem nemur 9 millj. kr. Hækkuð útgjalda frá árinu 2014 er einungis til komin vegna launahækkaná í miðlægum kjarasamningum en þær hækkanir koma inn í fjárlög/aukafjárveitingar samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins. Einn er þó sá þáttur sem leynir á sér og ekki er tekið tillit til í því mati, sem er aukaleg hækkuð á kennslu sem unnin er í yfirvinnu. Það sést glöggt á því að dæmigerður hópur sem kennari kennir í yfirvinnu reiknaðist áður sem 140,4 klst. yfir eina önn (vikustundirnar 6 x yfirvinnustuðullinn 1,3 x vikufjöldinn 18) en samkvæmt hinu nýja kjarasamningsbundna vinnumati kennara sem tók gildi á haustönn reiknast klukkustundafjöldinn eins og í dagvinnunni þ.e. í námunda við 180 klst. Annað atriði sem tekur verulega í hjá skólanum þessi árin er hve margir kennrarar hafa náð sextugsaldri og njóta þar af leiðandi hámarks kennsluafsláttar. Það sem af er öldinni hefur fjöldi þessara kennara farið úr 7 í 30 og er síðar nefnda talan langt yfir því sem nemur meðalhlutfalli framhaldsskólakennara á þessum aldri en reiknilíkan ráðuneytisins fyrir fjárveitingar til einstakra framhaldsskóla er án þessarar breytu.

## Samstarf út á við

Sem fyrr hefur skólinn samvinnu við Dansmennt ehf., Danslistarskóla JSB og Klassíkska listdanskólanum vegna listdansnáms á framhaldsskólastigi og á árinu bættist Brynballett akademían ehf. í Reykjanesbæ við sem samstarfsaðili um listdans. Pjónustusamningur við hvern og einn skóla kveðjur á um að MH kaupi kennslu í sérgreinum miðað við tiltekinn nemendafjölda að hámarki en samtals er um að ræða 79 ársnemendur í skólanum fjórum. Þá á skólinn í viðvarandi samstarfi við Agnebergsgymnasiet í Uddevalla í Svíþjóð um gagnkvæm nemendaskipti vegna særskukennslu og nýtur verkefnið styrks ár hvert frá sánska sendiráðinu. Samstarf við Kofúsíusarstofnunina Norðurljós við Háskóla Íslands um kínverskukennslu hefur staðið frá árinu 2011 og gengur út á að stofnunin leggur skólanum til

kínversku kennara gegn endurgjaldi sem fer eftir nemendafjölda. Það gerir kleift að halda úti kínversku kennslu í MH þótt um fáa nemendur sé að ræða.

Ennfremur er samvinna við nokkra grunnskóla (Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla, Hagaskóla og Ingunnarskóla) um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. bekk, einkum í stærðfræði og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi áfanga MH á prófatíma í maí. Loks skal getið samvinnu við *Atvinna með stuðningi* hjá Vinnumálastofnun um starfsþjálfun nemenda á sérnámsbraut, þ.e. aðlögun þeirra að vinnumarkaði. Verkefnið fór af stað á skólaárinu 2012 – 2013 og lauk á árinu þ.e. var ekki endurnýjað á haustönn. Þá var sem fyrr grænfánaverkefnið unnið í samstarfi við Landvernd.

MH, 1. nóvember 2016



Lárus H. Bjarnason  
rektor

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** MH er skóli með nálægt 1200 nemendum og liðlega 120 starfsmönnum í 10.000 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2015 voru 1175.

**Námsframboð:** Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut, opin braut, listdansbraut og tónlistarbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organisation og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er starfsbraut /sérnámsbraut við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra.

**Framkvæmd markmiða:** Markmiðin sem fram koma í viðauka við skólasamning 2013 – 2016 hafa sum náðst að fullu en önnur voru áfram í deiglunni svo sem innleiðing á aðalnámskrá 2011. Enn hefur tekist að reka skólann innan fjárheimilda þótt blikur séu á lofti. Að öðru leyti má vísa til tímabundinna (deili)markmiða og framgangs þeirra í sjálfsmatsskýrslu ársins.

**Umbótaþættir eftir sjálfsmat:** Í sjálfsmatsskýrslu 2014 var sett fram umbótaáætlun í 9 liðum fyrir árið 2015. Unnið var að öllum umbótamarkmiðunum og miðaði í rétta átt í öllum tilvikum en sum þeirra náðust aðeins að hluta. Til að mynda batnaði nýtingarhlutfall batnaði frá fyrra ári en er engu að síður undir settu markmiði og starfendarannsóknir hafa ekki formfest svo sem ætlunin hefur verið.

**Úttektir:** Engin úttekt á MH sem slíkum var gerð á árinu en á hinn bóginn fór fram ytri úttekt á listdansskólunum fjórum sem skólinn er í samstarfi við. Afraksturinn er í skýrslu sem finna má á heimasíðu ráðuneytisins.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Heildarútgjöld árið 2015 voru 1236,2 millj. kr sem var 8,8 millj. kr. yfir tekjum. Því gekk á uppsafnaðan rekstrarrafang sem því nam og var hann í árslok 14,9 millj. kr.

**Brottfall:** Mismunur á skráðum heildareiningafjölda nemenda í annarbyrjun og þeim einingafjölda sem lokið var nam 6,6 % á árinu. Nær helming þessa mismunar má rekja til nemenda sem hætta í skólanum á miðri önn.

**Stjórnun:** Auk skólameistara Lárusar H. Bjarnasonar er aðstoðarskólameistari Sigurborg Matthíasdóttir, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon, fjármálastjóri Sólrún Jóna Böðvarsdóttir, þrír deildarstjórar/námstjórar, öldungadeildarstjóri, deildarstjóri IB náms og deildarstjóri sérnámsbrautar.

#### Samvinna við aðra:

Samstarfsskólar varðandi listdans eru Dansmennt ehf., Danslistarskóli JSB, Klassískí listdansskólinn og Brynballett akademía ehf, varðandi sænskukenndlu Agnebergsgymnasiet Uddevalla í Svíþjóð, varðandi kínverskukenndlu Konfúsusarstofnunin Norðurljós við HÍ, varðandi framhaldsskólaáfanga grunnskólanema Hlíðaskóli, Austurbæjarskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli, varðandi starfspjálfun sérnámsbrautarnema Vinnumálastofnun og varðandi grænfánaverkefnið Landvernd.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukenndlu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, Hamrahlíðarkóinn.